

Nokkrar borholur í Ólafsfirði



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/023

Ágúst 2011

Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir staðsetningum á tveimur óskráðum borholum í Ólafsfirði. Hverri borholu fylgir stutt lýsing og ljósmynd. Staðsetningar ásamt öðrum upplýsingum eru í 1. töflu og aftast eru einföld kort yfir holurnar (myndir 11 til 13).

1. tafla. Staðsetningar og aðrar upplýsingar um nokkrar borholur í Ólafsfirði.

Holunúmer	Staðarnúmer	Dýpi í m	Ár	Lögbýli	N-hnit	V-hnit
KV-01	51571	61	2011	Kvíabekkur	66° 01.001	18° 45.878
KV-02	51572	126	2011	Kvíabekkur	66° 00.947	18° 45.927
?	?	?	1994	Ósbrekka?	66° 04.293	18° 40.404
HÓ-01	51381	20-30	1994	Hóll	66° 00.731	18° 45.958
TV-03	51393		2011	Þverá	66° 00.536	18° 46.770
BU-01	51561	67	2011	Burstabrekka	66° 03.355	18° 39.740

Ólafsfjörður

Kvíabekkur

KV-01

Borhola er um 150 metra utan við Bakkavallaá og um 15 metra ofan þjóðveggar. Holan var boruð 7. júlí 2011 með jarðbornum Guddu. Hún er 61 metra að dýpt og upp úr henni koma um 0,5 l/s af 15,3°C heitu vatni. Holan er skáhola með halla inn dalinn. (1. og 2. mynd)



1. mynd. Borhola KV-01 á Kvíabekk í Ólafsfirði. Kirkjan á Kvíabekk í baksýn.



2. mynd. Borhola KV-01 á Kvíabekk í Ólafsfirði

Kvíabekkur**KV-02**

Borholan er skammt utan við Bakkavallaá og er þar efst í gömlu túni um 15-20 metra neðan við þjóðveginn. Þetta er skáhola með um 10° halla til vestnorðvesturs. Holan er í góðu ásigkomulagi. (3. mynd)



3. mynd. Borhola KV-02 á Kvíabekk í Ólafsfirði. Kirkjan á Kvíabekk í baksýn.

Ósbrekka

Borholan er um 150 metra ofan við veginn inn Ólafsfjörð við flugvöllinn og um 170 metra innan við veginn um Héðinsfjarðargöng. Þessi hola er boruð af Alvar ehf. Holan er í þokkalegu ástandi og þegar hleypt er frá henni kemur upp töluvert af 52,2°C heitu vatni. Annað er ekki vitað um þessa holu. (4. mynd)



4. mynd. Óskráð borhola á Ósbrekku í Ólafsfirði. Gangamunni Héðinsfjarðarganga í baksýn.

HÓll

HÓ-01

Borholan er skammt frá heimreiðinni að Hóli þar sem vegamótin eru niðri við árna. Skammt frá holunni er laug. Holan er opin og illa varin. Í henni er 3" fóðurrör og dýpið mun vera milli 20 og 30 metrar. Boruð af Friðfinni árið 1994. (5. og 6. mynd)



5. mynd. Borhola HÓ-01 á Hóli í Ólafsfirði. Þverárbærinn í baksýn.



6. mynd. Borhola HÓ-01 á Hóli í Ólafsfirði.

Þverá TV-03

Borhola TV-03 er um 20 metrum neðan við brúarsporðinn á Þverá. Vel er gengið frá holunni. (7. og 8. mynd)



7. mynd. Borhola TV-03 á Þverá í Ólafsfirði.



8. mynd. Borhola TV-03 á Þverá í Ólafsfirði.

Burstabrekka BU-01

Holan er á ytri gljúfurbarmi Burstabrekkuár um 200 metra ofan við þjóðveginn en innan við gömlu útihúsin á Burstabrekku. Holan er í góðu ásigkomulagi. (9. og 10.mynd)



9. mynd. Borhola BU-01 á Burstabrekku í Ólafsfirði.



10. mynd. Borhola BU-01 á Burstabrekku í Ólafsfirði.



11. mynd. Staðsetning borholum KV-01 og KV-02 á Kvíabekk, HO-01 á Hóli og TV-03 á Þvera í Ólafsfirði.



12. mynd. Staðsetning óskráðrar borholu á Ósbrekku í Ólafsfriði.



13. mynd. Staðsetning borholu BU-01 á Burstabrekku í Ólafsfirði.